



Lúxemborg, 22. júlí 2013

FRÉTTATILKYNNING 10/2013

Dómur í máli E-15/12 *Jan Anfinn Wahl gegn íslenska ríkinu*

NORSKUM MEÐLIMI VÍTISENGLA SYNJAÐ UM LANDGÖNGU Á ÍSLANDI SKILYRÐI ÁKVÖRÐUNAR UM AÐ TAKMARKA FERÐAFRELSI Á GRUNDEVELLI 27. TILSKIPUNAR 2004/38/EB

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar sem honum bárust frá Hæstarétti Íslands þar sem óskað var álits á því hvernig túlka beri 7. gr. EES-samningsins og 27. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna.

Íslensk stjórnvöld synjuðu stefnanda, norskum ríkisborgara og meðlimi í Vítisenglum, um landgöngu á Íslandi. Ákvörðun um synjun um landgöngu var einkum reist á „opnu hættumati“ ríkislögreglustjóra sem varðaði ætlað hlutverk stefnanda í tengslum við fyrirhugaða inngöngu íslensks vélhjólaklúbbs í alþjóðleg samtök sem tengsl hefðu við skipulagða glæpastarfsemi. Í hættumatinu var talið að alls staðar þar sem samtökin hefðu náð að skjóta rótum hefði aukin skipulögð glæpastarfsemi fylgt í kjölfarið. Matið var einnig reist á þeirri staðreynd að inngönguferlinu hefði verið stýrt frá heimaaðildarríki stefnanda. Af beiðni Hæstaréttar varð enn fremur ráðið að upplýsinga og sönnunargagna hefði verið aflað og/eða þau tekin saman sérstaklega í tilefni af heimsókn stefnanda til Íslands.

Stefnandi kærði ákvörðun stjórnvalda en kæru hans var hafnað. Hið sama gilti um málshöfðun stefnanda fyrir héraðsdómi, þar sem hann krafðist miskabóta og skaðabóta vegna fjártjóns. Stefnandi áfrýjaði dómi héraðsdóms til Hæstaréttar þar sem hann krafðist einungis miskabóta vegna frelsissviptingar að ósekju og álitshnekkis sem hann hefði orðið fyrir vegna hennar. Byggði hann kröfu sína á því að ákvörðun íslenskra stjórnvalda um að synja honum um landgöngu hefði verið ólögmat.

Með úrskurði Hæstaréttar leitaði rétturinn ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins á grundvelli 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls í máli sem rekið er fyrir dómstólnum. Beindi Hæstiréttur spurningum til dómstólsins er lúta að innleiðingu tilskipunarinnar í landsrétt samkvæmt 7. gr. EES-samningsins og skilyrðum þess að synja ríkisborgara annars EES-ríkis um landgöngu á grundvelli 27. gr. tilskipunarinnar.

Dómstóllinn taldi að samkvæmt 7. gr. EES-samningsins hefðu EES/EFTA-ríki val um form og aðferð þegar þau tækju upp í landsrétt gerð sem svöruðu til tilskipunar. Innleiðing tilskipunar gerði ekki endilega kröfu um setningu laga, en það ræðst af þeim reglum sem fyrir eru í landsrétti. Ákvæði tilskipunarinnar yrðu á hinn bóginn að hafa ótvíræð bindandi áhrif og vera innleidd með nægilega skýrum og glöggu hætti til þess að skilyrði meginreglunnar um réttarvissu séu uppfyllt. Enn fremur áskildi 3. gr. EES-samningsins að aðildarríki skyldu gera allar viðeigandi ráðstafanir, almennar eða sérstakar, til að tryggja forgang tilskipunar sem tekin hefði verið upp í landsrétt, ásamt beitingu og skilvirkni hennar með fullnægjandi hætti til samræmis við fastmótaða dómaframkvæmd dómstólsins, óháð því formi eða þeirri aðferð sem beitt hefur verið við innleiðingu hennar, þannig að staðið yrði við þær skuldbindingar sem af samningnum leiðir.

Dómstóllinn taldi hvað beitingu tilskipunar 2004/38/EB varðaði, að af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2007 og meðfylgjandi yfirlýsingar nefndarinnar leiddi að „ríkisborgararéttur Sambandsins“ og „innflytjendastefna“ væru ekki hluti EES-samningsins. Þá var talið að þessir fyrirvarar hefðu engin efnisleg áhrif í málinu. Dómstóllinn taldi þó að meta yrði áhrif þessara fyrirvara í hverju máli fyrir sig. Þannig yrði að taka afstöðu til þess hvaða áhrif sú staðreynd hefði að ríkisborgararéttur Evrópusambandsins væri undanskilinn EES-rétti, einkum í málum er varði 24. gr.

tilskipunarinnar þar sem tekist væri á um jafnan rétt þeirra fjölskyldumeðlima sem ekki væru ríkisborgarar Evrópusambandsins og hinna sem hefðu búseturétt eða rétt til fastrar búsetu.

Að því er varðar túlkun 27. gr. tilskipunar 2004/38/EB í málinu var talið að EES-ríki hefðu heimild til að synja ríkisborgara annars EES-ríkis um landgöngu með skírskotun til allsherjarreglu og/eða almannaöryggis á grundvelli hættumats eins og sér. Slíkt hættumat þyrfti þá hafa að geyma mat á því hvert hlutverk viðkomandi einstaklings væri við inngönguferli að samtökum sem einstaklingurinn væri aðili að og ályktun um að þau samtök sem einstaklingurinn tilheyrði hefðu tengsl við skipulagða glæpastarfsemi og að sýnt væri að þar sem slík samtök hefðu skotið rótum hefði aukin og skipulögð glæpastarfsemi fylgt í kjölfarið. Þá var talið að áskilið væri að hættumat yrði einungis reist á framferði hlutaðeigandi einstaklings og að framferði einstaklings yrði að fela í sér raunverulega, yfirvofandi og nægilega alvarlega ógn við einhverja af grundvallarhagsmunum samfélagsins og að gæta yrði meðalhófs við takmarkanir ferðafrelsis. Það væri á valdi landsdómstóla að leggja mat á hvort þessi skilyrði væru uppfyllt með hliðsjón af þeim staðreyndum og málátilbúnaði aðila sem þýðingu hefðu hverju sinni.

Þá taldi dómstóllinn að EES-ríki yrði ekki skyldað til að lýsa yfir ólögmati samtaka og aðildar að þeim í því skyni að synja ríkisborgara annars EES-ríkis um landgöngu á grundvelli 27. gr. tilskipunarinnar, að því gefnu að slík aðgerð teldist viðeigandi undir þeim kringumstæðum sem fyrir hendi væru. EES-ríki yrði á hinn bóginn að hafa afmarkað afstöðu sína til starfsemi þeirra samtaka sem um ræddi með skýrum hætti og yrði að hafa gripið til stjórnvaldsathafna í því skyni að vinna gegn starfseminni, í þeim tilvikum þegar hún hefði verið álitin ógn við allsherjarreglu og/eða almannaöryggi.

Að endingu taldi dómstóllinn að innlend stjórnvöld yrðu að tryggja að nægileg sönnunargögn stæðu til þess að sýnt væri að tiltekinn einstaklingur væri líklegur til að viðhafa háttsemi sem teldist raunveruleg, yfirvofandi og nægilega alvarleg ógn við einhverja af grundvallarhagsmunum samfélagsins. Það væri á forræði landsdómstóla, með fyrirvara um að gætt væri meginreglna um jafnræði við málsmeðferð og skilvirkni, að skera úr um hvort svo væri.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.